



# Starfsþróunaráætlun

Sep 22, 2025

## Starfsþróunaráætlun

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknu mæli á starfstíma skóla.

Starfsþróun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra. Tími til starfsþróunar kennara markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 102 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og skal hún kynnt kennurum.

### Starfsþróun kennara

Kennarar fylla út sérstakt eyðublað um sína eigin starfsþróun. Kennarar fylla út starfsþróunareyðublaðið eða setja í vinnustund og halda þar með utan um sína starfsþróun sjálfir. Kennarar taka samt sem áður þátt í þeim námskeiðum sem fræðslustjóri og skólastjóri leggja til í samræmi við áherslur skólans

Ár hvert metur skólastjóri þörf á símenntun í samráði við starfsmenn og út frá áherslum skólans. Skólastjóri fylgist með að starfsþróun sé sinnt og heldur utan um þá starfsþróun sem starfsmenn taka þátt í. Kennarar sjá sjálfir um að skrá þá starfsþróun sem þeir taka þátt í og skila til skólastjóra en gera grein fyrir sínum símenntunar áformum í starfsþróunarviðtali. Hver og einn kennari ber ábyrgð á að meta eigin færni útfrá viðmiðum úr hæfniramma ríkisins með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnaenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla, sjá nánar hér: <https://island.is/reglugerdir/nr/1355-2022>. Samkvæmt reglugerðinni þurfa kennarar að hafa C1 færni í íslensku til þess að geta sinnt kennslu í leik- eða grunnskólum (Evrópski tungumálaramminn).

### Starfsþróun kennara

Starfsþróunaráætlun skólans ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra

## Áherslur í starfsþróun 2025-2027

Áherslur í starfsþróun kennara í Vesturbyggð:

- Nurture (lýkur vorið 2027)
- Námsmat og leiðsagnarnám (samræmt verklag kennsluáætlana og skráningu á námsmati).



- Endurskoðuð hæfniviðmið Aðalnámskrár áherslupáttur skólaárið 2026-7 og endurskoðun á skólanámskrám.

Starfsþróun fer fram á starfsdögum og á vinnufundum með kennurum.

Endurskoðað 22. September 2025